

Skrifstofa Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2022
E-2022-184/00.11

Efni: **Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036**

Vísað er til umsagnarbeiðnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sem barst fyrirtækinu í tölvupósti 18. maí 2022. Landsvirkjun lagði fram umsögn við málið á fyrra stigi, hvítbók um byggðamál, sem auglýst var til samráðs í maí 2021. Í þeirri umsögn benti fyrirtækið á mikilvægi endurnýjanlegrar orku sem forsendu til að framtíðarsýn og markmið byggðastefnu næðu fram að ganga. Fyrirtækið lagði til að texta þar að lútandi væri bætt inn á viðeigandi stöðum og þakkar fyrir góðar undirtektir við þeim athugasemdum.

Frá fyrra stigi máls hafa orðið breytingar á ytra umhverfi okkar og áhersla á endurnýjanlega orku aukist enn frekar. Má í því samhengi nefna orkuöryggi og vaxandi orkuþörf samfélagsins sem orsakast ekki síst af metnaðarfullum markmiðum Íslands í loftslags- og umhverfismálum. Nýútgefin Grænbók í orkumálum fjallar á skýran hátt um þessa auknu orkuþörf eigi markmið okkar sem þjóðar að nást.

Aukin áhersla á loftslagsmál og sjálfbærni getur haft mikil og jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu Íslands, t.d. þegar kemur að starfsemi sem byggir á nýtingu endurnýjanlegra staðbundinna auðlinda. Því er mikilvægt að Byggðaáætlun horfi heilrænt á þau tækifæri sem sú þróun leiðir af sér og á snertiflöt við marga ólíka málaflokka sem fjallað er um í áætluninni. Taka þyrfti tillit til styrkleika og veikleika hvers landsvæðis fyrir sig og þeirra auðlinda sem svæðið býr yfir, innviða og vilja heimamanna. Þetta þarf allt að setja í heilrænt samhengi við tækifæri til atvinnuþróunar sem styður eftirsóknarverða byggðapróun.

Ef vilji stendur til að hvetja til erlendrar fjárfestingar í minni og meðalstórum grænum og atvinnuskapandi verkefnum á landsbyggðinni þá er nauðsynlegt að sveitarfélög vinni ákveðna forvinnu til að eiga möguleika í samkeppni við önnur lönd um áhugaverðustu fyrirtækin. Til verulegra bóta væri að samtvinna, til langs tíma, stefnu í atvinnumálum, auðlindanýtingu og uppbyggingu innviða og sækja fram með því að byggja á styrkleikum hvers svæðis. Í þessu tilliti er mikilvægt að horft sé heilrænt á ólíka málaflokka í Byggðaáætlun og að gætt sé að samræmi.

Landsvirkjun leggur til að nýr liður verði settur í aðgerðalista kafla C. *Stuðla að sjálfbærni byggða um land allt*. Fyrirtækið leggur til eftirfarandi texta:

C.17 Grænir iðngarðar og önnur græn atvinnustarfsemi til eflingar byggðarþróunar

Stutt lýsing: Víða um land eru rík tækifæri til uppbyggingar grænnar atvinnustarfsemi sem byggir á svæðisbundnum styrkleikum viðkomandi svæðis. Greint verði hvernig hvetja megi til uppbyggingar grænna iðngarða sem byggja á hringrásarhugsun, annarrar grænnar atvinnustarfsemi og fjárfestingar í nýsköpun almennt. Líta skal til þess hvernig skýra má og einfalda regluverk auk þess að greina hvaða lágmarks undirbúningsvinnu og



innviðaupbyggingu þarf til svo ferlið við uppbyggingu slíkrar grænnar atvinnustarfsemi sé sem skilvirkast og að hvatt sé til fjárfestingar.

- Ábyrgðarráðuneyti: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
- Framkvæmdaraðili: Sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga
- Dæmi um samstarfsaðila: Nýsköpunarsjóður, Samorka, orkufyrirtæki, háskólar
- Tímabil: 2022-2026
- Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Orkustefna fyrir Ísland, Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Landsvirkjun þakkar að lokum fyrir tækifærið til samráðs og lýsir sig reiðubúið til samstarfs sé þess óskað.

Virðingarfyllt,


Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri